

87. fundur

87. fundur Heklunnar, atvinnuþróunarfélags haldinn í fundarsal S.S.S., Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbær, föstudaginn 10. september 2021, kl. 8:00.

Mætt: Sigurgestur Guðlaugsson, Magnús Stefánsson, Guðmundur Pétursson og Berglind Kristinsdóttir. Fundargerð ritaði Berglind Kristinsdóttir.

Pálmi Freyr Randversson boðaði forföll og Fannar Jónasson fundaði í gegnum fjarfundarbúnað.

Dagskrá:

1. **Atvinnustefna fyrir Reykjanes.**

Fyrri hluti atvinnustefnu fyrir Reykjanes lagður fram. Alta hefur lagt fram einfalt líkan af hlutverkum Heklunnar. Líkanið samanstendur af þremur lögum eða þremur meginþáttum í hlutverkefi sem útfæra þyrfti nánar í stefnumörkun.

Svara þarf nokkrum spurningum sem eru í eðli sínu pólitískar og mikilvægt að kjörnir fulltrúar taki afstöðu til þeirra, t.d. hversu stór og mikið á hlutverk Heklunnar að vera þegar kemur að marksetningu svæðisins í atvinnumálum.

Alta leggur m.a. til að í seinni áfanga í gerð atvinnustefnu fyrir Reykjanesið væri farið í eftirfarandi atriði;

1. Gera lista yfir hagaðila og áætlun um það hvernig þátttöku þeirra verður háttáð, í samræmi við það hver úrlausnarefnin eru sem áður voru nefnd.
2. Ganga til samráðs við hagaðilana til að afla sjónarmiða þeirra og hugmynda.
3. Móta tillögur þar sem tekin er afstaða til þeirra úrlausnarefna sem nefnd voru hér á undan (og e.t.v. fleiri sem kunna að koma upp).
4. Leggja fram drög að stefnu til kynningar.
5. Fullgera stefnuna með hliðsjón af viðbrögðum við drögum.
6. Samþykka formlega.

Stjórn Heklunnar leggur til að stefnan verði kynnt með formlegum hætti á aðalfundi Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum sem haldinn verður í október n.k. með það að markmiði að tryggja aðkomu sveitarstjórnarfólks.

2. **Framkvæmdaþing.**

Stjórnin ræddi að halda framkvæmdaþing á haustmánuðum eins og haldið var bæði af Reykjanesbæ sem og á sameiginlegum vettvangi sveitarfélaganna á síðasta ári. Stjórn Heklunnar felur framkvæmdastjóra að vinna málið áfram en stefnt er að því að halda sameiginlegt framkvæmdaþing í nóvember n.k.

3. Tölvupóstur dags. 15.08.2021, frá SAR, v. Suðurnesjalínu 2.

Í tölvupósti sem barst þann 15.08.2021 frá SAR kom fram að SAR hafi fundað með nokkrum aðilum er koma að Suðurnesjalínu 2, þ.e.a.s. bæjarstjóra Sveitarfélagsins Voga, Landsneti og ráðherra Ferðamála-, iðnaðar og nýsköpunar.

Í tölvupóstinum segir m.a.

„ Á þessum fundum kom einnig fram að við það að geta ekki sett þetta verkefni í gang til að tryggja rafmagnsöryggi hér á svæðinu og geta tekið við nýjum atvinnutækifærum þá séum við að tapa miklum fjármunum á hverju ári í glötuðum tækifærum.

Samtök atvinnurekenda á Reykjanesi óska því formlega eftir því við atvinnuþróunarfélagið Hekluna að þið setjið vinnu í gang til að reikna þetta út til þess að geta metið áhrifin.

Í framhaldi verði boðað til fundar til að finna leiðir til koma þessu verkefni í höfn.

Óskum eftir því að þetta erindi verði tekið fyrir á næsta stjórnarfundum Heklunnar og í framhaldi hefjist vinna til að meta þessi áhrif og henni verði lokið sem fyrst.“

Stjórn Heklunnar felur framkvæmdastjóra að vinna málið áfram og leggja fram kostnaðarmat við slíka vinnu á næsta fundi stjórnar.

4. Atvinnuleysistöður.

Hlutfallslegt atvinnuleysi í júlí:

	Atvinnuleysi í % af áætl. mannafla			Breytingar frá síðasta mánuði			Breytingar frá sama mánuði í fyrra		
	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur
Höfuðborgarsvæðið	6,7	6,6	6,8	-1,2	-1,3	-1,1	-1,6	-1,1	-2,3
Landsbyggðin	4,9	4,3	5,8	-1,4	-1,2	-1,6	-2,2	-2,3	-2,3
Vesturland	2,7	2,3	3,2	-0,7	-0,6	-0,8	-1,9	-2,0	-1,9
Vestfirðir	2,3	2,0	2,8	-0,3	-0,2	-0,3	-0,7	-0,9	-0,4
Norðurland vestra	2,0	2,0	2,0	-0,3	-0,4	-0,3	-0,8	-0,5	-1,2
Norðurland eystra	3,7	3,3	4,2	-0,7	-0,6	-0,9	-1,3	-1,4	-1,2
Austurland	2,0	1,7	2,4	-0,8	-0,6	-1,2	-1,2	-1,0	-1,5
Suðurland	4,0	3,3	4,9	-1,4	-1,2	-1,8	-2,3	-2,7	-1,7
Suðurnes	10,9	9,4	13,1	-2,8	-2,5	-3,5	-4,3	-4,2	-4,7
Landið allt	6,1	5,8	6,5	-1,3	-1,2	-1,3	-1,8	-1,9	-1,6

júlí 2021

Sveitarfélag lögheimilis	Fjöldi atvinnulausra í lok mánaðar			Breytingar frá síðasta mánuði			Breytingar frá sama mánuði í fyrra		
	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur
Grindavíkurbær	147	64	83	-34	-17	-17	-28	-24	-4
Reykjanesbær	1.309	669	640	-255	-142	-113	-829	-467	-362
Suðurnesjabær	200	99	101	-31	-19	-12	-86	-52	-34
Sveitarfélagið Vogar	66	43	23	-12	-8	-4	-33	-22	-11
Suðurnes	1.722	875	847	-332	-186	-146	-976	-565	-411

Alls fækkaði um 332 á atvinnuleysisrá á milli júní og júlí mánaða. Atvinnuleysi á Suðurnesjum er 10,9% meðan að landsmeðaltalið er 6,1%.

Ekki voru önnur mál á dagskrá.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 8:45.